



## Læknaráð Landspítala: ályktun um menntun og vísindi

Hlutverk háskólasjúkrahúss er auk sérhæfðrar læknisþjónustu að efla og sinna kennslu og framþróun í læknisfræði og heilbrigðisvísindum. Læknar Landspítala hafa verið í framvarðasveit er kemur vísindastörfum á landsvísu. Það er hinsvegar mikið áhyggjuefni að þróun sl. ára sýnir dvínandi vísindaframlag Landspítalans. Þannig hefur fjöldi greina dalað og tilvitnunum í vísindagreinir Landspítalans fækkað. Þetta krefst tafarlausra viðbragða.

Stjórn læknaráðs Landspítala leggur áherslu á að tryggja þurfi læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki tækifæri, tíma og aðstöðu til að sinna kennslu, gæðaðróunarmálum og vísindum sem eru samofin bættri þjónustu og öryggi sjúklinga. Þannig skuli ekki eingöngu lögð áhersla á í auglýsingum um störf á heilbrigðisstofnunum að hluti af starfskyldum sé framlag til vísinda og kennslu, heldur þurfi að koma til í ráðningarsamningi og í raun skilgreindur tími og innviðir til að sinna þessum mikilsverðu þáttum sem eru undirstaða menntunar heilbrigðisstétta og áframhaldandi gæðaðróun heilbrigðiskerfisins til framtíðar.

Stjórn læknaráðs fagnar uppbyggingu á innviðum til kennslu og vísindastarfa sem fram hefur farið og ráðgerð er á Landspítala, en telur að til að ná þeim markmiðum þurfi að skilgreina með skýrari hætti og auka fjárframlög til kennslu- og vísindapáttar í rekstri Landspítalans. Mikilvægt er að framlög stjórnvalda fylgi þróun í fjárveitingum hjá norrænum háskólasjúkrahúsum og háskólakennslu almennt. Jafnframt að stefnt skuli að því að Landspítalinn verði á meðal fremstu háskólasjúkrahúsa á Norðurlöndum hvað varðar árangur og afköst í vísindarannsóknum.

Stjórn læknaráðs vill áréttta að þegar kemur að heildstæðu skipulagi heilbrigðisþjónustu fyrir Ísland má ekki gleymast kennslu og háskólahlutverk heilbrigðisstofnananna og hvetur stjórnvöld til að standa vörð um háskólakennslu og menntun heilbrigðisstétta í landinu.

Reykjavík 18. nóvember 2016

F.h. stjórnar læknaráðs Landspítala

Reynir Arngrímsson, formaður

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa læknaráðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is